

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 293/2024

2025/EES/25/42

frá 6. desember 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1872 frá 1. júlí 2024 um breytingu á tæknilegum framkvæmdastöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem tilgreina nánar hvernig mat á útlánaáættu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækja samsvarar lánsþæfispæpunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹⁾.
- IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14azc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 1872:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1872 frá 1. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1872, 5.7.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1872, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1872, 5.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1872/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.